

Sp. 297. Tillaga til þingsályktunar [185. mál]

um íslenskt efni á myndsnældum.

Flm.: Eiður Guðnason, Benedikt Gröndal, Kjartan Jóhannsson, Vilmundur Gylfason, Karl Steinar Guðnason, Magnús H. Magnússon, Árni Gunnarsson, Jóhanna Sigurðardóttir, Sighvatur Björgvinsson, Karvel Pálmason.

Alþingi ályktar að fela menntamálaráðherra að beita sér fyrir því, að upp verði teknar viðræður við eigendur höfundarréttar íslensks efnis, sem flutt hefur verið í Ríkisútvarpinu — sjónvarpi, er hafi það markmið að setja reglur er gefi almenningi kost á að fá íslenskt sjónvarpsefni til láns eða kaups á myndsnældum.

Greinargerð.

Það gerist nú algengara hér á landi að einstaklingar eigi myndbandstæki, sem ýmist eru notuð til að taka upp efni úr dagskrá sjónvarps til síðari skoðunar eða til að sýna aðfengið efni. Í bráðabirgðaskýrslu myndbandanefndar til menntamálaráðherra frá 4. desember 1981 kemur það t. d. fram, að í Grindavík er talið að myndbandstæki séu á 70% heimila og í Siglufirði séu a. m. k. 100 tæki. Erfitt er annars að afla áreiðanlegra upplýsinga um útbreiðslu myndbandstækja, en víst er að hún fer ört vaxandi.

Í þeirri bráðabirgðaskýrslu myndbandanefndar, sem vitnað er til hér að ofan, kemur einnig fram að fyrirtæki, sem leigja út snældur með efni, munu nú vera um 30 talsins og starfa þau víðs vegar um landið. Mörg þessara fyrirtækja hafa á boðstólum hundruð erlendra kvikmynda og þátta. Það er sameiginlegt með öllum þessum fyrirtækjum, að efni það, sem þau hafa á boðstólum, er eingöngu erlent.

Sú staðreynd, að íslenskir myndbandstækjaeigendur eiga eingöngu vöð á erlendu efni frá þessum fyrirtækjum eða leigumiðstöðvum, á rætur að rekja til þess, að engar reglur eru í gildi um það, hver skuli vera hlutur flytjenda og höfunda, ef íslenskt efni stæði til boða á myndsnældum.

Það er skoðun flutningsmanna, að þó margt af því erlendu efni, sem á boðstólum er hjá leigumiðstöðvunum, sé vel boðlegt, þá sé þar einnig að finna töluvert af efni sem varla muni hægt að kalla vandað eða menningarlegt. Til þess að vega upp á móti þessu flóði af erlendu efni, sem hvorki er textað né þýtt, telja flutningsmenn þessarar tillögu nauðsynlegt að settar verði reglur sem geri það kleift, að almenningur eigi þess einnig kost að fá íslenskt efni á myndböndum. Til þess að svo megi verða þarf að semja við höfunda og flytjendur.

Eðlilegast sýndist í þessu sambandi, að Ríkisútvarpið — sjónvarp yrði sá aðili sem fjölfaldaði, eða framleiddi myndsnældur með íslensku efni eftir að samningar hefðu tekist við flytjendur og eigendur höfundarréttar. Mætti síðan sem best hugsa sér að almenningsbókasöfn í landinu yrðu dreifingaraðilar fyrir lánsefni á myndsnældum, en einnig ætti fólki að standa til boða að fá slíkt efni keypt.

Nánari grein verður gerð fyrir málinu í framsögu.